

12. fundur í háskólaráði Landbúnaðarháskóla Íslands

haldinn á Keldnaholti föstudaginn 3. mars 2006 kl. 13:30. Fundinn sátu eftirtaldir háskólaráðsfulltrúar: Ari Teitsson, Brynhildur Einarsdóttir, Hákon Sigurgrímsson, Stefán Kalmannsson, Jón Torfi Jónasson, Emma Eypórsdóttir, Haraldur Benediktsson, Brynja Dögg Ingólfssdóttir og Ágúst Sigurðsson rektor. Fundinn sátu einnig úr yfirstjórn LbhÍ þau Áslaug Helgadóttir, Björn Þorsteinsson, Björn Gunnlaugsson og Þorvaldur T. Jónsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar. Samþykkt samhljóða.
2. Þróun mála frá síðasta fundi. Rektor fór yfir helstu atriði sem unnið hefur verið á síðustu vikum. Lagðar hafa verið fram óskir um fjárveitingar vegna ársins 2007. Verið er að vinna þarfagreiningu vegna fasteigna og aðstöðu. Af hálfu LbhÍ er tekið þátt í undirbúningi Matvælastofnunar Íslands hf. Skólinn tekur þátt í stofnun amtmannsseturs á Möðruvöllum með því að leggja inn í sjálfseignarstofnun tvö hús, Stefánsfjós og leikhúsið. Undirbúningur ársfundar þann 17. mars nk. er í fullum gangi. Kynningarstarf vegna næsta námsárs eru hafnar.
3. Samráðsfundur með yfirstjórn LbhÍ. Þorvaldur T. Jónsson rekstrarstjóri sagði frá helstu verkefnum rekstrarsviðs, fram kom að verið er að þróa skipulag sviðsins, en undir það heyrir öll stoðþjónusta LbhÍ. Umræða spannst um stöðu skólans í stjórnsýslunni og hættuna á að ekki sé gert ráð fyrir nægilegu fjármagni til rannsókna í fjárveitingum til háskóla. Björn Gunnlaugsson greindi frá starfsemi starfs- og endurmenntunardeildar, námsbrautum, námskeiðum og öðrum verkefnum. Tenging skólans á þessu sviði við bakland sitt, atvinnugreinar þær sem menntunin byggir á er mikil og jafnframt mjög mikilvæg. Rætt var um hvort möguleiki væri á því að námskeið væru í auknum mæli haldin úti um landið til að bændur eigi möguleika á að sækja sér menntun með minni fyrirhöfn og tilkostnaði. Einnig rætt um námsbrautir, heiti þeirra, fjölda og innihald.

Áslaug Helgadóttir deildarforseti Auðlindadeildar greindi frá starfsemi sinnar deildar. Búið er að mynda deildarráð skipað 6 fulltrúum. Fyrirséð er veruleg aukning á mastersnámi við deildina. Áslaug lýsti einnig umsóknnum um styrki í Rannsóknasjóðs og úthlutun hans og að hlutur LbhÍ sé á þessu ári rýr í úthlutunum sjóðanna þrátt fyrir að umsóknir hafi fengið gott mat sem styrkhæf verkefni. Undirbúningur Matvælastofnunar Íslands hf. er kominn vel á veg. LbhÍ mun þurfa að gera samning til 5 ára við hina nýju stofnun um kaup á rannsóknavinnu á fagsviði stofnunarinnar.

Björn Þorsteinsson skýrði frá starfsemi kennslusviðs, kennsluskrifstofa er flutt í nýtt húsnæði og hefur aukið við starfsmannahald sitt. Björn fór yfir námsskipulag fyrir starfsmiðað meistaranám sem ætlað er að leysa af hólmi kandidatsnám í búvísindum. Greindi jafnframt frá mismunandi skipulagi fyrir annars vegar hópmiðað og hinsvegar einstaklingsmiðað meistaranám. Í vaxandi mæli er boðið upp á fjarnám í háskólakúrsum og móta þarf stefnu um hvernig og í hversu miklum mæli slík þjónusta verður veitt í framtíðinni. Umræða spannst um fjarkennslu og tímasókn.

4. Mál til afgreiðslu.

4.1 Nýjar viðbætur við starfsreglur LbhÍ.

Björn Þorsteinsson fór yfir reglurnar og tilgreindi þau atriði sem taka breytingum í reglum um háskólanám. Björn Gunnlaugsson lýsti breytingum á reglum um starfsnám. Umræður urðu um hversu ítarleg áætlun eigi að liggja fyrir um verkefni nemenda í rannsóknánámi við upphaf náms. Nemendur óska eftir því að tekin verði upp regla sem var í fyrri reglum Lbh um að tillögu um skrásetningargjöld skuli kynna stúdentaráði áður en hún er afgreidd í háskólaráði. Var það samþykkt með fyrirvara um breytingar á orðalagi. Háskólaráð samþykkti reglurnar efnislega en kennslunefnd falið að skýra og laga texta miðað við athugasemdir sem fram komu á fundinum.

4.2 Doktorsnám. Rektor lagði fram tillögu um að tekið yrði upp doktorsnám við skólann og reglur mótaðar þar um. Fram kom það sjónarmið að ákjósanlegt sé að nemendur með æðstu prófgráður sæki hluta af námi sínu til annarra landa. Þá væri og mikilvægt að taka tillit til fjárhagsramma skólans við þróun doktorsnáms sem og annarra nýrra námsleiða. Að öðru leyti væri þetta skref mikilvægt fyrir stöðu skólans að öllu leyti. Tillagan samþykkt einróma.

5. Önnur mál. Brynja Ingólfssdóttir, varafulltrúi nemenda í háskólaráði, lagði fram bréf þar sem tilkynnt er um nýja fulltrúa stúdentaráðs í háskólaráði, aðalmaður er Helgi Einarsson og til vara Benjamín Örn Davíðsson. Rektor þakkaði fráfarandi fulltrúum nemenda gott samstarf.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:35